

1970

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 143/1997. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Oddi Björnssyni**

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. mars 1997. Ákærvaldið krefst þess, að refsing verði þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsivist verði skilorðsbundin.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er ekki ágreiningur um þau. Með skírskotun til forsendna dómsins ber að staðfesta sakarmat hans, og er brot ákærða fært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður og fallist á refsíákvörðun héraðsdóms og forsendur hennar, en auk 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga er rétt að hafa hliðsjón af 4. tl. 74. gr. laganna. Á hinn bóginn þykja vera efni til þess að skilorðsbinda refsingu ákærða að hluta, þótt framferði hans hafi verið háskalegt og brotið stórfellt. Er þar einkum til þess að líta, að ákærði var einungis 16 ára, er atburðir málsins gerðust, og hefur reynt að bæta fyrir brot sitt, en hann hefur ekki áður gerst brotlegur. Þá eru nokkrar vísbendingar um það í málinu, að ákærði hafi leitað sér aðstoðar vegna skapgerðarbrestra, en þær benda jafnframt til, að tæpast hafi nægjanlega verið að gert. Þykir eftir atvikum rétt, að fullnustu 15 mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í fimm ár. Tveggja daga gæsluvarðhaldsvist ákærða kemur til frádráttar refsingu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Ákærði, Oddur Björnsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Fresta skal fullnustu 15 mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum fimm árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 5. til 6. ágúst 1996 með fullri dagatölu kemur til frádráttar refsingu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Helga Jóhannessonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 13. febrúar 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 10. f. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 21. október 1996, „á hendur Oddi Björnssyni, Bláskógum 12, Egilsstöðum, fæddum 6. desember 1979, fæðingarnúmer 598, fyrir tilraun til manndráps, en til vara stórfellda líkamsárás með því að hafa laust fyrir hádegi laugardaginn 3. ágúst 1996 á tjaldsvæði Akureyrarbæjar við Þórunnarstræti, neðra svæði, stungið Davíð Nikulásson, Víðihvammi 17, Kópavogi, með vasahníf hægra megin neðarlega í brjósthol. Hnífsblaðið hafði lent milli VI. og VII. rífs og skorið inn í brjóskhluta VII. rífsins, og lítil slagæð hafði skorist í sundur og valdið blæðingu. Þessi blæðing var stöðvuð og sárið saumað saman á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., en til vara við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Benedikt Sigurðsson fyrir hönd Davíðs Nikulássonar, kt. 250474-5209, Víðihvammi 17, Kópavogi, gerir þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, samtals að fjárhæð 425.300 kr.“.

Af hálfu ákæruvalds er þess enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs. Á hinn bóginn var fallið frá bótakröfu samkvæmt ákæruskjali með vísan til fullnaðargreiðslu ákærða undir rekstri málsins.

Við þingfestingu málsins 12. nóvember sl. viðurkenndi ákærði að hafa stungið Davíð Nikulásson neðarlega í brjósthol hægra megin, en andmælti

því að hafa reynt að svipta hann lífi. Með hliðsjón af þessari yfirlýsingu ákærða krafðist skipaður verjandi þess, að ákærði yrði sýknaður af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en að háttsemi ákærða yrði heimfærð til 2. mgr. 218. gr. sömu laga og ákærði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög framast heimiluðu. Verjandi krafðist þess og, að sakarkostnaði yrði skipt og ferðakostnaður vitna felldur á ríkissjóð. Loks var krafist hæfilegra málsvarnarlauna.

### *Málsatvik.*

Laugardaginn 3. ágúst sl. um kl. 12.00 var lögreglumönnum, sem voru við eftirlitsstörf á tjaldsvæði Akureyrarbæjar við Þórunnarstræti vegna hátíðarinnar Halló Akureyri, „tilkynnt, að ungur maður hefði orðið fyrir hnífstungu. Um svipað leyti hafði tal af lögreglumönnum vitnið Stig Lauritsen, og vísaði hann þeim á piltinn Davíð Nikulásson, þar sem hann lá á neðra tjaldsvæðinu. Við athugun reyndist Davíð vera með skurð á brjósti, og var hann þegar fluttur með sjúkrabifreið á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA). Ætlaður árársaðili, ákærði í máli þessu, Oddur Björnsson, var handtekinn á vettvangi, þar sem hann hafðist við í tjaldi. Þar fundu lögreglumennirnir hníf, og hefur ákærði allt frá upphafi rannsóknar málsins viðurkennt að hafa beitt honum gegn Davíð Nikulássyni. Í rannsóknarskýrslu er hnífi ákærða lýst svo:

„Hnífurinn var samanbrotinn, þegar hann fannst. [...] Umræddur hnífur er af algengri tegund vasahnífa, Fiske Kniv, Otter. Hnífsblaðið er brotið inn í málmvarið tréhold (skaft). Hnífsblaðið er 6,6 cm langt, þar af 0,5 cm bakki næst skeftinu, þá er það 1,4 cm breitt. Haldið er 9 cm langt.“

Að mati rannsóknaraðila var hnífur ákærða vel beittur.

Í skýrslu lögreglu er þess getið, að ákærði hafi við handtöku verið undir áhrifum áfengis, í uppnámi og tárfeilt. Á lögreglustöð kl. 13.40 var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist alkóhólmagn í blóði hans 1,99‰.

Ákærði var leiddur fyrir dóm 4. ágúst sl. vegna gæsluvarðhaldskröfu sýslumannsins á Akureyri. Játaði hann þá að hafa veitt Davíð Nikulássyni áverka með hnífi.

Eins og áður sagði, var Davíð Nikulásson fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar, en auk þess var tekið úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og reyndist magn alkóhóls í blóðsýninu 0,77‰.

Fyrir liggur í málinu vottorð Haralds Haukssonar, sérfræðings í skurðlækningum við handlækniseild FSA, dagsett 26. ágúst sl., og er áverkum Davíðs lýst svofellt:

„Hann hafði blóðugt sár hægra megin á brjóstholi, og var gat í gegnum peysu hans. Búið var að setja umbúðir um brjóstkassann, en að sögn sjúkraflutningamanna hafði verið talsvert blóð á tjaldsvæðinu, þar sem sagt var, að hann hefði orðið fyrir hnífstungu. Sjálfur var hann við meðvitund og bar, að hann hefði verið að skakka áflog milli tveggja manna, þegar annar hefði veist að sér, hlaupið á eftir sér um tjaldsvæðið og það endaði með því, að hinn aðilinn hefði lagt til sín með hnífi. Hann missti ekki meðvitund, en kvartaði um verki í brjóstholi aftur í bak og átti erfitt með að anda djúpt. Hann virtist nokkuð undir áhrifum áfengis. Við skoðun var um að ræða sár hægra megin neðarlega á brjóstholi, sem var u. þ. b. 6 cm langt í stefnu skáhallt upp og niður á við. Þegar umbúðir voru teknar af, sogaðist loft út um sárið. Röntgenmynd sýndi loftbrjóst, og var sett inn slanga, svokallað „dren“, til að sjúga út loftið utan við lungað. Við það leið sjúklingi betur. Frekari rannsókn með sneiðmynd sýndi ekki, að um aðra áverka væri að ræða, svo sem á lifur. Hann fór í aðgerð, þar sem sárið var skoðað og reyndist vera eftir hnífsblað, sem hafði lent á milli VI. og VII. rífs og skorið inn í brjóskehla VII. rífs þvert á stefnu rifjanna og þess vegna ekki komist mjög djúpt, heldur stöðvast milli rifjanna. Lítil slagæð hafði skorist í sundur og sennilega valdið þessari blæðingu, sem varð við stunguna á tjaldsvæðinu, en blæðingin hafði síðan sennilega stöðvast, en byrjað svolítið aftur hér á sjúkrahúsinu. Þessi blæðing var stöðvuð, og síðan var sárið saumað saman. Engin frekari skakkaföll komu upp á, og Davíð útskrifaðist í góðu ástandi 7/8 '96 með ráðleggingum um framhaldið. Hann fékk viðtal við geðlækni, sem taldi, að hann þyrfti ekki frekari bráðrar meðferðar.

Niðurstaða. Ofangreindur maður var fluttur 3. ágúst á sjúkrahúsið vegna hnífstungu, sem hann varð fyrir. Sár og ummerki benda til þess, að rétt sé, að um hnífstunguáverka sé að ræða, og hnífslagið varð, sem betur fór, þvert á rifjastefnuna, og því hefur hnífurinn ekki komist mjög langt inn og ekki skemmt lunga eða önnur líffæri, heldur aðeins nægt til þess, að loftbrjóst myndaðist. Engir lífshættulegir áverkar hlutust af þessu, og maðurinn ætti að ná sér að fullu líkamlega eftir þetta. Það verður auðvitað að teljast heppni, að eggvopnið lenti þvert á rifjastefnuna, og einnig, að það lenti nákvæmlega á þessum stað, en ekki í öðrum mikilvægum líffærum eða dýpra.“

Haraldur Hauksson skurðlæknir staðfesti ofangreint vottorð fyrir dómi. Vitnið ítrekaði, að áverki sjúklings hefði, eins og á stóð, ekki leitt til fjörtjóns, þrátt fyrir það að hann hefði ekki komist í læknishendur. Að mati vitnisins hefði e. t. v. öðru máli gegnt, ef áverkinn hefði verið á samsvarandi stað vinstra megin á brjóstkassa. Vísaði vitnið til niðurlagsorða vottorðsins svo og þess, að áverki sjúklingsins var í um 3–5 cm fjarlægð frá hjarta.

Vitnið Davíð Nikulásson, fæddur 1974, var yfirheyrður af lögreglu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 5. ágúst sl. Líkt og við aðalmeðferð máls skýrði vitnið svo frá, að hann hefði komið til Akureyrar í bifreið félaga sinna aðfaranótt 3. ágúst sl. og eftir u. þ. b. 6–7 tíma svefn vaknað í bifreiðinni um kl. 8.00. Eftir það kvaðst vitnið hafa rölt um tjaldsvæðið í leit að félögum sínum og þá kynnst vitninu Stig Lauritsen og þeir eftir það gengið saman um tjaldsvæðið. Vitnið kvaðst hafa drukkið 1–2 bjórflöskur umræddan morgun og af þeim sökum fundið lítillaga til áhrifa áfengis. Um hádegisbilið kvaðst vitnið hafa veitt athygli, hvar tveir piltar voru í fangbrögðum, og hefði annar þeirra verið ákærði í máli þessu. Í nefndri lög- regluyfirheyrslu lýsti vitnið átökunum og viðskiptum sínum við ákærða svo- fellt:

„Sá eldri hafði náð að leggja hinn og tekið hann kverkataki, þar sem hann lá í jörðunni. Davíð segir, að þeir Stig hafi þá ákveðið, þar sem fáir voru á ferli, að fara og skilja mennina. Þeir hafi náð að stífa þeim sundur, en skömmu síðar hafði sá yngri, Oddur, náð að sparka hinn manninn niður og síðan að sparka í andlit honum, þar sem hann lá. Hann sagði, að strákurinn hefði svo snúið sér að þeim í bræði sinni. Hann hefði dregið upp hníf og ráðist að Stig með hnífnum, en Davíð kvaðst hafa náð hnífnum af honum með því að grípa í hönd honum og snúa hnífinn úr hendinni. Síðan kveðst hann hafa stungið hnífnum í vasa sinn. Hann kveðst hafa hrufflast lítillaga við það undan hnífsblaðinu. Meðan á þessu stóð, hafi komið eldri bróðir Odds og einhverjir vinir hans með honum. Þeir hafi snúið sér eitthvað að Stig og verið að lúskra á honum. Seinna hafi Oddur snúið sér að sér og viljað fá hnífinn aftur, en hann kvaðst ekki hafa viljað afhenda hann. Oddur hefði þá rekið hnéd í kynfæri sér og byrjað að kýla sig. Kvaðst Davíð þá hafa náð að slá hann einu sinni. Þá hefði komið bróðir Odds og þeir, sem voru með honum, slegið hring um sig og sagt sér að fá þeim hnífinn og koma sér í burtu og gleyma þessu. Davíð kvaðst hafa gert eins og honum var sagt, þar sem hann stóð orðið einn á móti hinum. Hann kvaðst einfaldlega hafa gert það, sem honum var sagt. Hann kveðst þá hafa gengið í burtu, eftir að hann afhenti Oddi hnífinn, og ætlað að koma sér burtu. Hann hefði verið á leið út af svæðinu, er hann varð þess var, að Oddur kom æðandi á eftir sér hrópanði ókvæðisorð eins og: „Þú ert aumingi.“ Er Oddur kom að sér, kvaðst Davíð hafa snúið sér og þá um leið fundið fyrir höggi á brjostið ofanvert til hægri. Hann hefði í fyrstu talið, að Oddur hefði bara slegið sig, en síðar fundið, að Oddur hafði stungið sig, þegar tók að blæða úr sér. Hann kvaðst hafa gengið inn á svæðið aftur og þá fundið, að erfitt var orðið að anda. Þá hefði hann lagst niður og kíkt á sárið með því að lyfta upp fötunum, er hann var í. Hann segir, að Oddur hafi forðað sér í burtu eftir þetta. Um leið hafi drifið þarna að fjölda fólks.“

Fyrir dómi staðfesti vitnið frásögn sína í öllum aðalatriðum. Vitnið lýsti átökum sínum við ákærða sem gagnkvæmum hnefahöggum í andlit og kannaðist við að hafa slegið ákærða eitt til tvö hnefahögg. Ætlaði vitnið, að átök þeirra hefðu staðið yfir í u. þ. b. 10 mínútur, og þvertók ekki fyrir, að ákærði hefði fallið til jarðar. Vitnið kvaðst hafa hlotið ákomur í andliti vegna barsmíðanna og minni háttar áverka á kynfæri. Vitnið andmælti því hins vegar að hafa sparkað í andlit ákærða í átökunum. Þá staðhæfði vitnið, að ákærði hefði verið uppistandandi, er það rétti honum hnífinn, eftir að bróðir hans, vitnið Þorkell Hróar, hafði blandað sér í málið. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa vikið af vettvangi. Fyrir dómi ætlaði vitnið, að það hefði gengið u. þ. b. 50 metra frá vettvangi, er það varð þess vart, að ákærði veitti sér eftirför. Vitnið vísaði þó til þess, að atburðarás hefði verið mjög hröð. Þannig kvaðst vitnið fyrst hafa heyrt ákærða kalla til þess og þá snúið sér við, en um leið séð, hvar ákærði sveiflaði hendi sinni, og í framhaldi þess fengið högg á brjóstið. Vitnið kvaðst því ekki hafa haft ráðrúm til að verjast atlögunni og raunar aldrei séð hnífinn í hendi ákærða. Vitnið kvaðst í fyrstu ekki hafa gert sér grein fyrir verknaði ákærða, en fljótlega fundið blóðstraum renna niður brjóstið.

Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa náð fullri líkamlegri og andlegri heilsu. Þá kvaðst vitnið hafa fengið skaðabætur greiddar frá ákærða.

Við dómsýfirheyrslu 4. ágúst sl. líkt og við síðari yfirheyrslur játaði ákærði að hafa stungið Davíð Nikulásson í brjósthol með hnífi þeim, er lögreglan lagði hald á við upphaf lögreglurannsóknar. Ákærði hefur hins vegar margsinnis vísað til gloppótts minnis um nánari atvik máls sökum ölvunaráhrifa. Hefur ákærði vísað til þess, að hann hafi byrjað áfengisneyslu fimmtudaginn 1. ágúst í heimabæ sínum og eftir það nær samfelldt verið við drykkju, allt þar til lögregla handtók sig á tjaldsvæði Akureyrarbæjar 3. ágúst sl.

Ákærði kvaðst hafa komið til Akureyrar aðfaranótt 2. ágúst og eftir það lítið sofið, en í þess stað skemmt sér nær viðstöðulaust. Ákærði gat þó lítt gert grein fyrir ferðum sínum eftir komuna til Akureyrar, en kannaðist við að hafa átt samtal við vitnið Lilju Björgu Jónsdóttur. Þá kannaðist ákærði við að hafa átt í minni háttar útistöðum við pilta, þ. á m. vitnið Stig Lauritsen, laugardaginn 2. ágúst. Ákærði kannaðist hins vegar ekki við að hafa átt í útistöðum við tjaldgesti á Akureyri að morgni 3. ágúst sl. fyrir utan átök þau, sem hann átti í við vitnin Davíð Nikulásson og Stig Lauritsen. Ákærði kvaðst hafa verið við landadrykkju þá um morguninn, en um viðskipti sín við nefnd vitni hafði ákærði svofelld orð við lögregluyfirheyrslur 5. og 6. ágúst:

„Kærði kveðst því muna óljóst eftir atburðinum, sem hann er sakaður um. Hann kveðst muna eftir að hafa stungið umræddan mann, en muna óljóst eftir aðdragandanum. Kærði telur, að þeir hafi hist á neðra tjaldstæðinu og þar komið til átaka milli sín og þess manns, er Davíð heitir. Kærði kveðst ekki muna, hvers vegna þeir flugust á, og kveðst því ekki heldur vita, hvor byrjaði. Kærði segir, að þetta hafi ekki verið svo hörð áflog í upphafi, en svo hafi Davíð sparkað í andlit kærða, og kveðst hann þá hafa brjálást, því að hann hafi fundið, að tennur brotnuðu í sér. Kærði kveðst muna eftir sér liggjandi á jörðinni og telur, að það hafi verið eftir sparkið. Kærði segir, að bróðir sinn, Þorkell Hróar, hafi komið þarna að og haldið sér. Kærði telur, að Hróar hafi sleppt, er Davíð gekk í burtu. Kærði kveðst þá hafa verið orðinn alveg trylltur af bræði, svo mjög, að hann hefði tekið upp vasahníf, sem hann var með, opnað hann og hlaupið á eftir Davíð, sem þá var að fara út af tjaldsvæðinu í suðausturhorni þess. Davíð hafi síðan farið upp (vestur) með tjaldsvæðinu að sunnan og síðan stungið sér aftur inn á milli runna inn á tjaldsvæðið. Kærði segir, að er hann nálgast Davíð, hafi hann lagt til hans með hnífnum. Hann kveðst hafa rekið hnífinn fram með hægri hendi og stungið honum í manninn. Kærði kveðst ekki vita með vissu, hvar hnífurinn kom í manninn. Kærði kveðst hafa kippt hendinni til baka og hlaupið inn í tjald ... þarna skammt frá. Hann kveðst hafa kastað frá sér hnífnum á hlaupunum. Kærði segir, að þetta hafi verið vasahnífur með blaði, sem brotnar inn í tréskaft, svokallaður fiskihnífur. Aðspurður kveðst kærði ekki geta sagt, hvað hann var að hugsa, telur, að hann hafi einfaldlega ekki ráðið við sig af bræði. Hann kveðst hafa haft í huga að meiða manninn, en ekki verið ætlun sín að myrða hann. Kærði kveðst ekki hafa vitað, hvað varð um manninn, eftir að hann stakk hann.“

Við síðari yfirheyrslu lögreglu, 6. ágúst sl., staðhæfði ákærði, að hann hefði fallið til jarðar, eftir að hann fékk spark í andlitið frá Davíð Nikulásyni. Við yfirheyrsluna lýsti ákærði nánar viðbrögðum sínum svofellt:

„Hann kveðst þá hafa orðið mjög æstur og illur. Hann kveðst sjá, þar sem Davíð gengur í burtu, og hlaupa á eftir honum. Kærði kveðst taka hnífinn upp úr vasanum á leiðinni og vera þá ákveðinn í að særa Davíð með hnífnum. Kærði segir, að Davíð sé á undan sér og snúi baki í sig. Hann kveðst kalla til hans, um leið og hann sé að snúa sér við, reki hann hnífinn í Davíð. Kærði kveðst ekki átta sig á því, hvernig hann hélt á hnífnum í hendinni, en hann sé réttthentur og hafi því verið með hann í hægri hendi. Hann kveðst ekki heldur átta sig á því, hvert hann beindi hnífnum, þ. e. ofarlega eða neðarlega á Davíð. Kærði segir, að þarna átti hann sig á því, hvað hann sé búinn að gera, þ. e. að stinga mann með hníf. Hann kveðst kippa hnífnum að sér og verða hræddur.“

Við lögreglurannsókn málsins líkt og fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að nokkru áður en ofangreindur atburður gerðist, hefðu tveir bræður sínir lent í alvarlegu umferðarslysi, og bar ákærði, að sá atburður hefði haft mikil áhrif á sig andlega. Frásögn ákærða, hvað þetta varðar, hefur nokkra stoð í gögnum málsins. Við rannsókn málsins lýsti ákærði yfir verulegri eftirsjá vegna verknaðar síns hér á Akureyri. Fyrir liggur í málinu, að vegna vanlíðunar ákærða var hann að tilhlutan rannsóknarlögreglu færður á geðdeild FSA 4. og 6. ágúst sl. Verður nánar vikið að þeim þætti síðar. Að tilhlutan lögreglu var ákærði auk þess færður á slysadeild FSA 3. og 4. ágúst sl., og er í áverkavottorði Ara H. Ólafssonar bækunarlæknis greint frá áverkum hans svofellt:

„Við skoðun 4. 8. 1996 var sjúklingur með lítið sár yfir vinstra kinnbeini, sem ekkert þurfti að gera við, þar sem það var grunnt. Hann var með mar og blæðingu við neðanvert vinstra auga og inn við vinstra auga. Var ekkert tvísýni, og augnhreyfingar voru eðlilegar svo og ljósop. Væg eymsli voru yfir kinnbeini og neðri hluta augntóttar. Veruleg mjúkartabólga var yfir vinstra kjálkasvæði og þar fyrir aftan og neðan við eyrað, og þar var sjúklingur aumur við þreifingu. Hálshreyfingar voru góðar og enginn leiðsluverkur eða dofi niður í herðar eða handleggi. Sjúklingur sagði, að við átök-in hefði brotnað úr tveimur tönnum, og við þreifingu var greinilega skarð í aftasta jaxli vinstra megin að neðan og einnig í annarri tönn frá miðlínu í neðri góm vinstra megin. Einnig var smáskarð í næstaftasta jaxli vinstra megin í neðri gómi, en sjúklingur kvað það vera eldra. Teknar voru röntgenmyndir af hálsi og andlitsbeinum. Hvergi sáust örugg beináverkamerki. Á einum stað var grunur um, að örlítið beingrjón hefði flísast frá neðri hluta höfuðkúpu vinstra megin, en myndirnar voru endurskoðaðar með röntgenlækni daginn eftir, og varð niðurstaðan sú, að ekki væri um nein brot að ræða. Virtist því sem aðaláverkar sjúklings væru mjúkpartaáverkar auk tannbrota. Sjúklingur opnaði og lokaði vel munni, og engin skekkja var í biti.“

Ofangreint vottorð er í samræmi við vottorð tannlæknanna Halldórs G. Halldórssonar og Halldórs Sigþórssonar.

#### *Framburður vitna.*

Vitnið Stig Lauritsen, fæddur 1973, kvaðst hafa kynnst piltinum Davíð Nikulássyni á tjaldsvæðinu á Akureyri að morgni laugardagsins 3. ágúst sl. og bar, að þeir hefðu eftir það rölt saman um tjaldsvæðið, en einnig skropp- ið stutta stund í Áfengisverslun ríkisins. Vitnið bar, að á leið þeirra aftur á tjaldsvæðið hefði fylgt þeim í leigubifreið ónefndur piltur. Eftir enn frekara

rölt þeirra um tjaldsvæðið kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar áður nefndur piltur var í áflogum við ákærða. Vísaði vitnið til þess, að hann hefði kannast líttillega við ákærða, þar sem þeir hefðu átt í minni háttar úti-stöðum daginn áður. Vitnið kvaðst ásamt Davíð hafa skilið piltana að og ónefndi pilturinn þá farið af vettvangi. Vitnið bar, að ákærði hefði verið mjög æstur, og af þeim sökum kvaðst vitnið hafa reynt að róa hann, en án árangurs. Vitnið bar, að ákærði hefði m. a. tekið upp vasahníf og viðhaft ógnandi tilburði, en Davíð þá tekið um hönd hans og náð hnífnum. Vitnið bar, að Davíð hefði skilað ákærða hnífnum aftur samkvæmt beiðni. Fyrir dómi vísaði vitnið til nokkurs minnisleysis um atvik máls eftir þetta, en bar, að einhverjir félagar ákærða hefðu komið á vettvang, og af þeirra völdum kvaðst vitnið hafa hlotið hnefahögg á nef. Hefur frásögn vitnisins að þessu leyti nokkra stöð í áverkavottorði Ara H. Ólafssonar, bæklunarlæknis á FSA, sem dagsett er 26. 8. sl. Vegna nefndrar barsmíðar og hnífsburðar ákærða kvaðst vitnið hafa farið að skýli tjaldvarða og af þeim sökum ekki fylgst frekar með viðskiptum Davíðs og ákærða. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa komið að Davíð, þar sem hann lá á tjaldsvæðinu með áverka á brjóstholi. Vitnið kvaðst hafa verið líttillega undir áhrifum áfengis umræddan dag.

Vitnið Lilja Björg Jónsdóttir, fædd 1977, kvaðst fyrst hafa hitt ákærða á hátíðinni Halló Akureyri föstudaginn 2. ágúst sl. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða fyrir og vísaði til þess, að hann væri fyrrum skólafélagi hennar og náinn vinur. Vitnið bar, að ákærði hefði verið að skemmta sér, en þó sýnt sér hníf þann, er lögregla lagði síðar hald á. Vitnið kvað ákærða hafa haft á orði við það tækifæri, að hann myndi beita hnífnum ef á sig yrði ráðist. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða að nýju að morgni laugardagsins 3. ágúst, og að mati vitnisins var hann þá undir áhrifum áfengis, en auk þess miður sín, m. a. vegna slysfara í fjölskyldu hans svo og vegna samskiptaörðugleika, er hann hafði átt í við aðra tjaldgesti skömmu áður. Síðar þennan morgun kvaðst vitnið hafa hitt ákærða við snyrtiaðstöðu tjaldsvæðisins og þá veitt því athygli, að hann var byrjaður að neyta áfengis. Vitnið kvaðst síðan hafa verið á gangi með ákærða austur eftir neðra tjaldsvæði, er ókunnugur piltur hóf skyndilega að atyrða ákærða. Vitnið kvað ákærða hafa svarað fyrir sig með því að sparka í andlit piltsins með þeim afleiðingum, að hann féll við. Vitnið kvað bróður ákærða, vitnið Porkel Hróar, fljótlega hafa komið á vettvang og lagt að ákærða að láta af slíku háttalagi. Í framhaldi þessa kvað vitnið tvo pilta hafa farið að skipta sér af ákærða og reynt að stilla til friðar. Vitnið staðfesti, að annar þessara pilta hefði verið Davíð Nikulásson. Um svipað leyti kvað vitnið Porkel Hróar að nýju hafa komið að málum og bar,

að átök hefðu þá hafist með þeim bræðrum annars vegar og Davíð og fé-laga hans hins vegar. Að mati vitnisins var atburðarásin eftir þetta hröð, og lýsti vitnið atvikum máls nánar í skýrslu lögreglu 4. ágúst sl. svofellt:

„Vitnið segir, að Davíð muni hafa slegið Odd fyrst, en síðan hafi þeir slegið og sparkað hvor til annars. Davíð hafi svo slegið Odd þannig, að Oddur taldi, að hann hefði brotið í sér tönn. Þá hafi Oddur alveg orðið brjáláður. Hlé hafi svo orðið á áflogunum, og hafi þá Davíð gengið í burtu og stefnt út af tjaldsvæðinu um göngustíg, sem er suðaustur úr tjaldsvæðinu. Vitnið segir, að þá hafi Oddur allt í einu rokið á eftir Davíð, og kveðst hún hafa séð, er hann tók upp vasahníf, er hann var með. [...]. Vitnið segir, að sér hafi strax orðið ljóst, hvað Oddur hefði í hyggju, svo að hún kveðst hafa farið á eftir þeim. Hún segir, að Oddur hafi annaðhvort gripið í Davíð eða kallað til hans, svo að hann sneri sér við. Þá hafi Oddur lagt til Davíðs með hnífnum. Vitnið kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um það, hvar lagið kom, en hún kveðst hafa séð, er Oddur kippti hnífnum til baka. Vitnið segir, að Davíð hafi þá skundað í burtu vestur með runnagróðri í suðurjaðri tjaldsvæðisins. Hún hafi síðan farið aftur að sínu tjaldi og Oddur komið þar einnig. Vitnið kveðst svo hafa séð, hvar Davíð kom aftur inn á tjaldsvæðið milli trjána. Hann hafi þá verið í keng og haldið annarri hendi um sárið. Kveðst hún svo hafa séð, er hann tók upp peysuna, sem hann var í, til að huga að meiðslum. Þá kveðst hún hafa séð sárið, en segir, að ekki hafi blætt mikið, svo að hún hafi séð til. Hann hafi svo lagst niður á tjaldsvæðið.“

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Jafnframt staðhæfði vitnið, að ákærði hefði fallið við, er hann varð fyrir þungu sparki í andlitið frá Davíð Nikulássyni, skömmu áður en sá síðarnefndi vék af vettvangi. Minntist vitnið þess, að ákærði hefði um það leytir og minnst á tannbrot. Vitnið kannaðist ekki við að hafa séð hníf á lofti, fyrr en eftir að ákærði hóf framan-greinda eftirför sína. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða eftir, heyrt hann kalla til Davíðs og leggja til hans, um leið og Davíð sneri sér við.

Vitnið kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa í greint sinn.

Vitnið Þorkell Hróar Björnsson, fæddur 1977, bróðir ákærða, gaf skýrslu hjá lögreglunni á Akureyri 5. ágúst sl. Frásögn vitnisins um atvik máls var svofelld:

„Vitnið kvaðst hafa vaknað í tjaldi sínu um hádegisbil. Hann kveðst hafa farið út úr tjaldinu og litið yfir svæðið. Sjái hann þá, að tveir strákar hrinda Oddi. Hann kvaðst hafa farið á staðinn, sem var um 20–30 metra frá tjaldi sínu. Hann kvaðst hafa gripið í annan strákinn, ekki Davíð Nikulásson, og slegið hann með flötum löfa í andlitið og sagt honum að fara, sem hann gerði. Síðan kvaðst vitnið hafa gripið í Davíð og slegið hann með handar-

baki hægri handar í andlitið og sagt honum að fara burt, svo að þetta færi ekki illa. Vitnið kvaðst hafa síðan gripið utan um háls Oddi og reynt að róa hann. Segir hann Odd hafa sagt, að þeir hafi tekið hnífinn af sér. Hann kvaðst hafa sagt við Odd, að hnífurinn skipti ekki máli og að hann skyldi gleyma honum. Hann kveður Odd hafa sagt, að þeir hafi brotið í sér tvær tennur. Hann kveðst hafa séð, þegar Davíð gekk á brott. Hann segir, að Oddur hafi ekki farið alveg strax á eftir Davíð. Hafi þeir farið bak við háa runna, sem þarna eru, út af tjaldsvæðinu og talið þá, að átökin væru yfirstaðin. En rétt á eftir hafi Oddur komið til baka og þá farið inn í eitthvert tjald. Vitnið kvaðst hafa séð, þegar Davíð hefði komið aftur inn á tjaldsvæðið nokkru síðar og haldið um magann, en síðan hnigið niður. Kvaðst vitnið hafa farið að Davíð og séð sárið.“

Fyrir dómi staðfesti vitnið í öllum meginatriðum ofan nefnda skýrslu, en auk hrindinga kvaðst vitnið hafa séð, er ákærði hlaut eitt hnefahögg frá vitninu Stig Lauritsen, og jafnframt veitt því athygli, að ákærði var með skurð á andliti fyrir neðan auga. Þá kvað vitnið ákærða hafa kvartað um eymsli í kjálka og tannbrot. Vitnið kannaðist hins vegar ekki við, að ákærði hefði hlotið spark greint sinn. Að mati vitnisins var ákærði ölvaður og mjög æstur. Vitnið ítrekaði og, að ætlan sín með afskiptum sínum hafi verið að stöðva stimpingarnar, og kvaðst hafa talið, að það hefði tekist. Vitnið kannaðist og ekki við að hafa séð bróður sinn eða andstæðinga hans handleika hníf, en minnst þó orða vitnisins Davíðs um, að ákærði hefði í hyggju að stinga sig. Vegna nefndra orða kvaðst vitnið hafa beint þeim orðum til Davíðs, að réttast væri, að hann færi af vettvangi, enda ekki vitað betur á þeirri stundu en hann hefði sjálfur hníf ákærða undir höndum.

Auk framannefndra vitna komu fyrir dóm ungmenni, er fylgdust að nokkru með athöfnum ákærða á tjaldsvæði Akureyrar laugardaginn 3. ágúst sl. Verður nú vikið að frásögn þeirra, en vitnin áttu það sammerkt að hafa fylgst með atvikum máls úr um 10–20 metra fjarlægð.

Vitnið Hugi Guttormsson, fæddur 1972, kvaðst hafa fylgst með atgangi ákærða við tvo pílta í u. þ. b. 10 mínútur. Að mati vitnisins var ákærði reiður, með sár á kinn, en auk þess kvaðst vitnið hafa heyrt hann minnast á tannbrot. Að áliti vitnisins var ekki um harkaleg átök að ræða, og kannaðist vitnið ekki við, að aðilar hefðu fallið til jarðar. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, er Porkell Hróar skakkaði leikinn.

Vitnið Eyrún Huld Haraldsdóttir, fædd 1981, kvaðst hafa veitt því athygli, er ákærði var að rífast við tvo pílta á tjaldsvæðinu, og m. a. heyrt hann hafa orð á, að strákarnir hefðu tekið af sér hníf og að hann væri með brotnar tennur. Að áliti vitnisins var ákærði reiður, æstur og grátklökkur. Ekki

kvaðst vitnið hafa séð högg ganga milli aðila. Vitnið kvaðst jafnframt ekki hafa litið á þessi viðskipti sem alvarleg og ætlaði, að þau hefðu staðið yfir í 10–20 mínútur og hætt, eftir að Þorkell Hróar fór á vettvang.

Vitnið Elva Dröfn Sverrisdóttir, fædd 1977, kvaðst hafa séð ákærða í áflogum við pilt og jafnframt veitt því athygli, hvar annar piltur stóð þar hjá. Vitnið bar, að ákærði hefði verið reiður og grátklökkur. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði var með skurð á kinn, en auk þess heyrt hann kvarta um eymsli í tönnum. Ekki minntist vitnið þess að hafa séð högg ganga á milli piltanna og ekki spörk. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð hníf á lofti, en minntist þess, að annar andstæðinga ákærða hefði sífellt haft á orði, að ákærði ætlaði að stinga sig. Vitnið kvað þessi orð hafa fallið, eftir að Þorkell Hróar hafði farið á vettvang í þeim tilgangi að stöðva atganginn. Vitnið kvað annan piltinn eftir það hafa farið af vettvangi, og nokkru síðar kvaðst vitnið hafa séð ákærða og hinn piltinn ganga að runnum við suðurhlíð tjaldsvæðisins. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar sá piltur kom aftur til baka, blóðugur.

Vitnið Guðlaugur Vigfús Kristinsson, fæddur 1973, kvaðst hafa fylgst með því, er vitnið Þorkell Hróar fór til ákærða og tveggja pilta, er voru í átökum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð barsmiðar, en í þess stað heyrt ákærða stöðugt æpa: „Komdu með hnífinn!“ – og: „Hann braut í mér tennur!“ Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði var með ákomur í andliti, og að álitni vitnisins var ákærði reiður. Vitnið kvaðst loks hafa fylgst með því, er Þorkell Hróar skakkaði leikinn. Nokkru síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar ákærði var á gangi og að annar áður nefndra andstæðinga hans gekk þar á eftir og hélt um kviðinn.

Vitnið Einar Þorsteinsson, fæddur 1975, kvaðst hafa fylgst með því, er ákærði var í áflogum við tvo pilta á tjaldsvæðinu. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, er ákærði fékk spark í andlit svo og nokkur hnefahögg. Jafnframt kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði var með skurð á kinn, og heyrt hann tala um brotnar tennur. Vitnið kvað Þorkel Hróar fljótlega hafa farið á vettvang og stöðvað atganginn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hníf á lofti greint sinn, en heyrt Þorkel Hróar öskra að ákærða, að hann skyldi kaupa fyrir hann hníf. Að mati vitnisins var ákærði áberandi ölvður og andstæðingar hans einnig eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, að átökunum hefði lokið fyrir tilstilli Þorkels Hróars, og vísaði til þess, að annar andstæðinga ákærða hefði farið af vettvangi, en hinn átt í viðræðum við Þorkel Hróar og ákærða. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa séð sjúkrabífreid koma á vettvang og þá veitt því athygli, að annar andstæðinga ákærða var sár.

Eins og áður var rakið, var leitað til geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna vanlíðunar ákærða, er hann dvaldist í haldi lögreglu í byrjun ágústmánaðar sl. Var þá og ákveðið, að ákærði kæmi til dvalar á geðdeildinni til nánara mats og meðferðar, og gekk það eftir, er ákærði vistaðist á sjúkrahúsinu um þriggja vikna skeið í októbermánuði sl. Í málinu liggur fyrir greinargerð Sigmundar Sigfússonar, yfirlæknis geðdeildar FSA, sem dagsett er 5. desember sl. Í upphafi greinargerðarinnar er greint frá því, að ákærði hafi mestan part verið stilltur og prúður, á meðan á vist hans stóð. Vísað er og til þess, að ákærði hafi ekki lokið grunnskólaprófi og áður notið aðstoðar vegna námsörðugleika, og hafi hann af þeim sökum sótt kennslustundir hjá sérkennara geðdeildarinnar. Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Oddur reyndist vera haldinn votti af leshömlun (dyslexia). Stafsetningarvillur sennilega vegna æfingaskorts. Kennarinn áleit, að með rétttri þjálfun hefði Oddur forsendur til að ná færni bæði í lestri og stafsetningu. Hann átti í erfiðleikum með að tjá sig frá eigin brjósti hjá kennaranum, bæði í samtali og skriflega. Þótt yfirbragð Odds væri fremur dapurlegt, neitaði hann þunglyndiseinkennum, en hafði einkum kvíða gagnvart væntanlegum dómi. Hann neitaði dauðahugsunum, en sagði, að þær hefðu sótt á sig, þegar hann dvaldist á meðferðarheimilinu Tindum vegna áfengisofneyslu. Í viðtölum við lækna sagði Oddur nánast ekkert að fyrra bragði, en svaraði spurningum greiðlega, frásögn þó fremur óskipuleg. Skv. athugun Arnars Sverrissonar sálfræðings á Oddi reyndist sjónbundin rökvísi um meðallag. Hins vegar var honum verulega ábótavant í öðrum greindarþáttum. Vísbendingar sáust um hljóðskynsörðugleika, sem skýrt gætu stafsetningarvillur að hluta, og bága þekkingu sömuleiðis. Námsörðugleikar eru taldir grundvallast á ófullnægjandi málbundinni tileinkun og skertri hljóðskynjun. Vísbendingar komu fram um neikvæðni í tilfinningalífi. Í orði kveðnu virtist Oddur fallast á, að hann þyrfti að taka upp nýjan lífsstíl, og eftir helgarleyfi fyrir austan 19.–22. 10. taldi hann reynslu sína af áfengi vera slíka, að það væri ábending til sín um, að hann ætti að láta vera að drekka. Raunin hefur þó orðið sú, að sennilega er eina áfengislausla helgi Odds í landi þetta árið sú, sem hann hélt sig alveg á geðdeildinni 12.–14. 10. sl. [...]

Niðurstaða. Um er að ræða fremur treggefinn 16 ára pilt með fremur neikvæða sjálfsmynd og tilfinningalíf. Þekkingarlega er hann illa í stakk búinn að takast á við líf fullorðins manns, en þrátt fyrir námsörðugleika hefur hann forsendur til að menntast meira, ef hann vill það sjálfur. Hann er haldinn áfengisfíkn, og undir áhrifum áfengis hefur hann ónóga stjórn á hvötum sínum. Líkur benda til, að áframhaldandi áfengisneysla muni

geta valdið honum andlegum heilsubresti og ógæfu vegna ónógrar sjálfstjórnar.“

Sigmundur Sigfússon geðlæknir staðfesti ofan nefnda greinargerð fyrir dómi. Vitnið vísaði til þess, að ákærði væri á mörkum fullorðinsára, og af þeim sökum væri formleg greining ekki tiltæk, en að líkur væru á, að um væri að ræða persónuleikaafbrigði, sem lýsti sér í hvatvísi og óstöðugri stjórn á tilfinningum samfara augljósri áfengisfíkn. Hið síðastnefnda ýtti og undir hömluleysi í orðum og gjörðum. Vitnið vísaði til þess, að meðferð sú, er ákærði hlaut á geðdeild FSA, hefði í raun ekki verið eiginleg lækni-meðferð, heldur frekar uppeldisleg meðferð, er miðaði að því að beina þeirri órökréttu reiði, sem ákærði væri haldinn, í annan farveg en birst hefði, m. a. í þessu máli.

Auk þeirra rannsóknargagna, sem hér að framan hafa verið rakin, liggja fyrir í málinu ljósmyndir af vettvangi og fatnaði Davíðs Nikulássonar. Rannsóknaraðilar staðfestu nefnd gögn fyrir dómi.

#### *Niðurstaða.*

Í máli þessu er upplýst, að ákærði átti í útistöðum og átökum á tjaldsvæðinu á Akureyri laugardaginn 3. ágúst 1996, þ. á m. við vitnið Davíð Nikulásson. Nokkuð er óljóst um tilefni átakanna, en með trúverðugum vitnisburði Lilju Bjargar Jónsdóttur, er stoð hefur í framburði annarra vitna, einkum vitnisins Einars Þorsteinssonar, svo og áverkavottorði Ara H. Ólafssonar bæklunarlæknis, er að mati dómsins nægjanlega sannað, að ákærði hlaut allþungar ákomur í andlit frá Davíð Nikulássyni, m. a. með þeim afleiðingum, að tennur brotnuðu. Upplýst er, að átökunum lauk fyrir tilstilli bróður ákærða, Þorkels Hróars, og að Davíð gekk þá af vettvangi. Með skýlausri játningu ákærða, sem studd er framburði vitna, læknisvottorði og öðru, sem fram hefur komið í málinu, er sannað, að ákærði veitti Davíð eftirför og stakk hann með vasahníf neðarlega í brjósthol hægra megin. Er áverka þeim, sem af þessu hlaust, lýst í ákæru, og er sú lýsing í samræmi við fyrirliggjandi vottorð Haralds Haukssonar skurðlæknis. Gegn neitun ákærða er ósannað, að fyrir honum hafi vakað að svipta Davíð lífi. Þá þykir varhugavert að staðhæfa, svo sem aðstæðum var háttað, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að bani hlytist af atlögunni. Að öllu framangreindu virtu er það álit dómsins, að ekki séu fram komnar sönnur um, að brot ákærða heyri undir 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Ber í þess stað að sakfella ákærða fyrir stórfellda líkamsárás skv. 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess, að ákærði beitti hættulegu

vopni. Þá leysir ölvunarástand ákærða hann á engan hátt undan refsingu, sbr. 17. gr. hegningarlaga. Til refsilækkunar horfir hins vegar, að ákærði var einungis sextán ára og í mikilli geðshræringu, er hann framdi verknaðinn. Þá hefur hann ekki áður gerst sekur um refsilagabrot. Hann hefur greitt fullar skaðabætur, og varanleg mein hlutust ekki af atlögu hans. Loks verður við refsíákvörðun höfð hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga. Með ofangreind atriði í huga svo og að virtum öðrum ákvæðum VIII. kafla laga nr. 19/1940, sem áhrif hafa á refsihæð, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átján mánuðir. Sökum alvarleika brotsins þykir ekki fært að skilorðsbinda refsinguna. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 5.–6. ágúst 1996, samtals tveir sólarhringar.

Samkvæmt 165. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. ferðakostnaðar vitna, sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr. nefndra laga, svo og saksóknarlauna til ríkissjóðs, sem ákveðast 75.000 kr., en málið flutti af hálfu ákæruvalds Eypór Þorbergsson, deildarstjóri hjá sýslumannsembættinu á Akureyri, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Bernhards Bogasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til þess tíma, sem fór í ferðalög verjanda vegna reksturs málsins.

Það athugast, að vegna embættisanna dómsformanns hefur uppkvaðning dóms dregist nokkuð.

Dóm þennan kváðu upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari sem dómsformaður og héraðsdómaramenn Halldór Halldórsson og Þorgeir Ingi Njálsson.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Oddur Björnsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi tveggja daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 75.000 kr. saksóknarlaun í ríkissjóð, og 150.000 kr. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Bernhards Bogasonar héraðsdómslögmanns.